

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2025

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2025

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2025. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Yngstu og elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær til þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Við erum með margvíslegar myndir þetta haustið þar sem áherslan er lögð á óvenjulegar mannverur eins og í meistaraverki David Lynch, Fílamanninum, en hún byggir á sannri sögu góðhartaðs manns sem var sýndur eins og sirkusdýr þar til hugrakkur læknir bjargaði honum. Svipað er uppi á teningnum með Nelly Rapp, sem kynnist óvenjulegu fólki sem er í raun hugrakkt og snjallt og í leirmyndinni Minningar snigils sem er stórfengleg saga um að brjótast út úr erfiðleikum og einangrun. Við kynnum verk Charles Addams í Addams fjölskyldugildin og endursýnum Velmennadraumana, glæsilega og hugljúfa teiknimynd sem hentar börnum jafnt sem fullorðnum og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta teiknimyndin.

Í flokki mynda sem tengjast mannkynssögu bjóðum við upp á Óskarsverðlaunamyndina Green Border þar sem fjallað er um málefni flóttamanna með óvenjulegum hætti út frá flóttafólkinu sjálfu, landamæravörðunum og aðgerðarsinnunum sem hjálpa flóttafólki. Myndin er löng en spennandi. Við endursýnum jafnframt Hvar er Anna Frank sem fjallar líka um flóttafólk með tengingu við heimsstyrjöldina síðari.

Með sænsku myndinni Síðasta ferðin skorum við á alla sem eiga afa eða ömmur að fylgjast með hvernig sonur manns sem hefur misst lífsneistann drífur hann til Frakklands, endurskapar minningar hans frá því hann var ungur og vekur upp nýja gleði og lífskraft. Lokaatriðið í þeirri mynd lætur engan ósnortinn, en myndin hefur sópað að sér verðlaunum.

Við bjóðum öllum leikskólabörnum, þriggja ára og eldri á sýningar þetta haustið með verðlaunamyndinni Andri og Edda verða bestu vinir og Jólaævintýri dýranna. Sú síðarnefnda er töfrandi ævintýri eftir fimm kvenleikstjóra þar sem andi jólaanna og fegurð norðurslóða svífur yfir vötnum.

Að auki verður á boðstólum kennsla í kvikmyndalæsi þar sem farið verður yfir kvikmyndasöguna og helstu þættir kvikmynda kynntir.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2025

HVAÐ ER KVIKMYND? 6.-10.bekkur

JÓLAÆVINTÝRI DÝRANNA 1.-4.bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR 1.-4.bekkur

HVAR ER ANNA FRANK 4.-10.bekkur

VÉLMENNADRAUMAR 3.-7.bekkur

NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI 4.-7.bekkur

FÍLAMAÐURINN – BÍÓKLASSÍK 8.-10.bekkur

ADDAMS FAMILY VALUES 8.-10.bekkur

GREEN BORDER 8.-10.bekkur

MINNINGAR SNIGILS 7.-10.bekkur

SÍÐASTA FERÐIN 8.-10.bekkur



Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



HVAÐ ER KVIKMYND?



KVIKMYNDASAGA OG KVIKMYNDAFRÆÐI FYRIR MIÐSTIG OG EFRA STIG

Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar oghvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi þar sem aðferðir við kvikmyndatöku, tæknibrellur og myndblöndun verður kynnt. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum.

Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

JÓLAÆVINTÝRI DÝRANNA



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, fjölskyldumynd, 2024

LENGD: 72 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Þýskaland

LEIKSTJÓRN: Caroline Attia, Camille Alméras, Ceylan Beyoğlu, Olesya Shchukina, Natalia Chernysheva, Haruna Kishi

AÐALHLUTVERK: Lisa-Marie Ramm

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

Hugljúfar og dásamlegar sögur, töfrandi ævintýri um norðurslóðir þar sem norðurljósinn tindra!

Gleði og töfrar jólanna fléttast saman í fimm sögum eftir fimm evrópska kvenleikstjóra.

Myndin er talsett á íslensku en það er lítið um samtöl, svo hún hentar yngsta aldurshópnum.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR



TEGUND OG ÁR: Barnamynd, 2013

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 78 mínútur

LEIKSTJÓRI: Arne Lindtner Næss

LEIKARAR: Nora Amundsen, Hilde Louise Asbjørnsen, Janne Formoe

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

Þegar Andri byrjar á leikskóla kynnist hann Eddu en þau verða bestu vinir. Tuskudýrin þeirra, ljónsunginn og fröken Kanína, verða einnig vinir og þegar annað þeirra týnist á slökkvistöðinni lenda þau Andri og Edda í ýmsum ævintýrum. Myndin var tilnefnd sem besta barnamyndin á hinum norsku Amanda verðlaunum sem og að hún var tilefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn.

Myndin er talsett á íslensku og hentar öllum aldurshópum.

HVAR ER ANNA FRANK



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 2021

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Ísrael/Frakkland/Lúxemborg/Belgía

LEIKSTJÓRI: Ari Folman


AÐALHLUTVERK: Ruby Stokes, Emily Carey

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Dagbók Önnu Frank er ein mest lesnasta bók í heimi og í þessari einstöku teiknimynd fáum við innsýn í heim Önnu og fjölskyldu hennar á meðan hernámi nasista stóð. Myndin gerist bæði í nútímanum og seinni heimsstyrjöldinni, en í myndinni lifnar Kittý við, ímyndaða vinkonan sem Anna skrifaði til í dagbók sinni og tekst á við vandamálin sem steðja að okkur hér og nú, á meðan mannkynssagan er fléttuð inn í verkið.

Myndin hefur hlotið mikið lof og fjölda verðlauna, en hún er byggð á hinni einusönnu dagbók Önnu Frank.

VÉLMENNADRAUMAR



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, fjölskyldumynd, 2023

LENGD: 102 Mínútur

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Spánn

LEIKSTJÓRI: Pablo Berger

AÐALHLUTVERK: Ivan Labanda, Tito Trifol, Rafa Calvo

TUNGUMÁL: EKKERT TAL

Hundur býr í New York og er einmana. Einn daginn ákveður hann að smíða sér vin, Vélmennið!

Óður til New York á níunda áratugnum, bráðfyndin kvikmynd fyrir bæði börn og fullorðna!

Myndin er án tals og var valin besta teiknimyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2023.

„Sem ein af óvæntustu kvikmyndum ársins, hefur Robot Dreams margt kraumandi undir yfirborðinu og býður upp á kaldhæðnislegan húnor, þetta er brjálæðsilega vel gerð teiknimynd sem snertir á djúpstæða mannlega strengi” - International Cinephile Society.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna 2024 sem besta teiknimyndin!

NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, grínmynd, fantasía, 2020

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LENGD: 93 mínútur

LEIKSTJÓRI: Amanda Adolfsson

LEIKARAR: Matilda Gross, Lily Wahlsteen, Marianne Mörck

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

Sannkölluð ævintýramynd þar sem draugar, vampírur og varúlfar leika lausum hala! Nellý er ung stúlka sem er öðruvísi en aðrir krakkar og á fáa vini. Hún er móðurlaus og einmana, svo faðir hennar fer með hana til frænda hennar Hannibals sem býr á glæsilegu og draugalegu setri úti í sveit. Hundurinn London er með í för og Nellý á ekki von á neinu óvæntu, en skyndilega breytist allt því frændinn er skrímslaspæjari!

Myndin var tilnefnd til Kristalsbjörnsins á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlínar og hlaut tvö Gullbaggaverðlaun árið 2021 auk fleiri verðlauna og viðurkenninga. Myndin er ekki ósvipuð Harry Potter-myndunum og Vampírubananum Buffy en er hugljúf fjölskyldumynd með fallegum boðskap.

FÍLAMADURINN - Bíóklassík



TEGUND OG ÁR: *Drama, sannsöguleg, 1980*

LENGD: 123 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *David Lynch*

ADALHLUTVERK: *Anthony Hopkins, John Hurt, Anne Bancroft*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Myndin er byggð á sannri sögu um Joseph Carey Merrick sem var hafður til sýnis ásamt öðru ógæfusömu fólki sem átti við líkamslýti og fötlun að stríða.

Dr. Frederick Treves (Anthony Hitchcock) sér Merrick (John Hurt) á sýningu árið 1884 og fær hann lánaðan til að hafa viðstaddan á fyrirlestri um sjúkdóma. Eftir illa meðferð sýningarstjórans fær Merrick athvarf á sjúkrahúsinu London Hospital þar sem kemur í ljós að hann er greindur, næmur og hugrakkur.

Fílamaðurinn er hugljúf mynd og er talin með bestu myndum David Lynch, sem lést í janúar á þessu ári. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna.

ADDAMS FJÖLSKYLDUGILDIN



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 1993*

LENGD: *94 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Barry Sonnenfeld*

ÁDALHLUTVERK: *Anjelica Huston, Raul Julia, Christina Ricci*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Addamsfjölskyldan elskar dularfulla og yfirnáttúrulega hluti, en þau búa á draugalegu setri með óvenjulegum þjónum. Þegar nýr fjölskyldumeðlimur fæðist þurfa Gomez og Morticia að fá barnfóstru til að börnin geri ekki út af við litla bróðurinn út af systkinaríg. Gullgrafarinn Debbie ræður sig í starfið til að krækja í Fester frænda og lætur senda börnin í vægast sagt óvenjulegar sumarþúðir.

Addamsfjölskyldan var upprunalega teiknimyndasería eftir Charles Addams, sem var fyrst birt í The New Yorker frá 1938 til 1988 og átti miklum vinsældum að fagna. Fjöldinn allur af kvikmyndum, söngleikjum, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum hefur verið gerður umfjölskylduna.

GREEN BORDER



TEGUND OG ÁR: Drama, 2023

LENGD: 152 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Belgía, Tékkland, Frakkland, Pólland

LEIKSTJÓRI: Agnieszka Holland

AÐALHLUTVERK: Jalal Altawil, Behi Djanati, Mohamad Al Rashi

TUNGUMÁL: Pólska með íslenskum texta

Árið er 2021. Sýrlensk flóttafjölskylda er á leið til Svíþjóðar þar sem ættingi þeirra býr og er tilbúinn að taka á móti þeim. Þau lenda í Minsk í Belarus þar sem enskumælandi flóttakona frá Afghanistan slæst í för með þeim. Þau ákveða að fara yfir svokölluð „græn landamæri“ til Póllands, en þegar þau koma að pólsku landamærunum fer allt öðruvísi en ætlað er. Upphefst þá spennandi atburðarás sem sér ekki fyrir endann á.

Einstaklega áhrifamikil mynd þar sem sagan er sögð frá sjónarhóli flóttafólksins, landamæravarðanna og baráttufólksins í Póllandi sem hjálpar flóttafólki. Myndin er eftir Óskarsverðlaunahafann Agnieszku Holland en myndin hlaut dómnefndarverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum 2023.

MINNINGAR SNIGILS



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, drama 2024*

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Ástralía*

LEIKSTJÓRI: *Adam Elliot*

AÐALHLUTVERK: *Dominique Pinon, Nick Cave, Sarah Snook*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Grace Pudel er ung stúlka sem býr ásamt tvíburabróður sínum og föður í Melbourne í Ástralíu á áttunda áratugnum. Þegar faðir hennar deyr er hún skilin frá bróður sínum og send til fósturfjölskyldu. Grace er utanveltu og sorgmædd svo hún fer að safna sniglum, rómantískum skáldsögum og naggrísum. Líf hennar breytist þegar hún kynnist hinni líflegu Pinky og hjartaknúðsaranum Ken, en margt fer öðurvísi en ætlað er.

Stórkostleg leirmynd úr smiðju höfunda Mary and Max og er byggð á minningum leikstjórans Adam Elliot. Hún fjallar um erfiðleika lífsins á hjartnæman og kostulegan hátt þar sem vonin um betra líf er handan við hornið.

SÍÐASTA FERÐIN



TEGUND OG ÁR: Heimildamynd, 2025

LENGD: 95 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LEIKSTJÓRI: Filip Hammar, Fredrik Wikingsson

AÐALHLUTVERK: Filip Hammar, Fredrik Wikingsson, Lars Hammar

TUNGUMÁL: Sænska með íslenskum texta

Lars Hammar var vinsæll kennari sem opnaði augu nemenda sinna fyrir franskri menningu og góðum mat. Þegar hann lætur af störfum ætlar hann að njóta lífsins, en eitthvað kemur í veg fyrir það. Sonur hans er ákveðinn í að fara með föður sinn til Frakklands, láta hann upplifa góðar minningar og vekja þar með upp lífsneistann með hjálp vinar síns.

Allir sem eiga afa og ömmur geta tengt við þessa hjartnæmu heimildamynd þar sem gamlar minningar lifna við og ný lífsgleði vaknar.

Síðasta ferðin sló í gegn í Svíþjóð og var framlag Svíþjóðar til Óskarsverðlaunanna. Hún hefur hlotið fjölmörg verðlaun og lætur engan ósnortinn.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 18. SEPTEMBER KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

FIMMTUDAGUR 18. SEPTEMBER KL. 13:00 – MINNINGAR SNIGILS

ÞRIÐJUDAGUR 23. SEPTEMBER KL. 10:00 – VÉLMENNADRAUMAR

ÞRIÐJUDAGUR 23. SEPTEMBER KL. 13:00 -GREEN BORDER/HVAÐ ER KVIKMYND?



FIMMTUDAGUR 2. OKTÓBER KL. 10:00 – HVAR ER ANNA FRANK

FIMMTUDAGUR 2. OKTÓBER KL. 13:00 – ADDAMS FJÖLSKYLDUGILDIN

ÞRIÐJUDAGUR 7. OKTÓBER KL. 10:00 – FÍLAMADURINN

ÞRIÐJUDAGUR 7. OKTÓBER KL. 13:00 – NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI

FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER KL. 10:00 – JÓLAÆVINTÝRI DÝRANNA

FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER KL. 13:00 – SÍÐASTA FERÐIN

ÞRIÐJUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 10:00 – ADDAMS FJÖLSKYLDUGILDIN

ÞRIÐJUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 13:00 – FÍLAMADURINN

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS



SÝNINGAR:

ÞRIÐJUDAGUR 4. NÓVEMBER KL. 10:00 – NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI

ÞRIÐJUDAGUR 4. NÓVEMBER KL. 13:00 - HVAR ER ANNA FRANK

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 10:00 – VÉLMENNADRAUMAR

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 13:00 – ADDAMS FJÖLSKYLDUGILDIN

ÞRIÐJUDAGUR 18. NÓVEMBER KL. 10:00 – SÍÐASTA FERÐIN

ÞRIÐJUDAGUR 18 NÓVEMBER KL. 13:00 – FÍLAMADURINN

FIMMTUDAGUR 27. NÓVEMBER KL. 10:00 – GREEN BORDER/MINNINGAR SNIGILS

FIMMTUDAGUR 27. NÓVEMBER KL. 13:00 – HVAÐ ER KVIKMYND?



ÞRIÐJUDAGUR 2. DESEMBER KL. 10:00 – JÓLAÆVINTÝRI DÝRANNA

ÞRIÐJUDAGUR 2. DESEMBER KL. 13:00 – NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI

FIMMTUDAGUR 11. DESEMBER. KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

FIMMTUDAGUR 11. DESEMBER KL. 13:00 – SÍÐASTA FERÐIN



Pöntun þarf að vera skýr og skilmerkileg þar sem heiti myndar, dagsetning, nafn skóla og fjöldi nemenda kemur skýrt fram.

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í söllum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2025

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

SEPTEMBER

fim	9/18/2025		10:00	Andri og Edda verða bestu vinir	1.-4.bekkur													
fim	9/18/2025		13:00	Minningar snigils	7.-10.bekkur													
þri	9/23/2025		10:00	Vélmennadraumar	3.-7.bekkur													
þri	9/23/2025		13:00	Green Borders/Hvað er kvikmynd	8.-10.bekkur/6.-10.bekkur													

OKTÓBER

fim	10/2/2025		10:00	Hvar er Anna Frank	4.-10.bekkur													
fim	10/2/2025		13:00	Addams fjölskyldugildin	8.-10.bekkur													
þri	10/7/2025		10:00	Fílamaðurinn	8.-10.bekkur													
þri	10/7/2025		13:00	Nellý Rapp	4.-7.bekkur													
fim	10/16/2025		10:00	Jólaævintýri dýranna	1.-4.bekkur													
fim	10/16/2025		13:00	Síðasta ferðin	8.-10.bekkur													
þri	10/21/2025		10:00	Addams fjölskyldugildin	8.-10.bekkur													
þri	10/21/2025		13:00	Fílamaðurinn	8.-10.bekkur													

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

NÓVEMBER


þri	11/4/2025		10:00	Nellý Rapp	4.-7.bekkur													
þri	11/4/2025		13:00	Hvar er Anna Frank	4.-10.bekkur													
fim	11/13/2025		10:00	Vélmennadraumar	3.-7.bekkur													
fim	11/13/2025		13:00	Addams fjölskyldugildin	8.-10.bekkur													
þri	11/18/2025		10:00	Síðasta ferðin	8.-10.bekkur													
þri	11/18/2025		13:00	Fílamaðurinn	8.-10.bekkur													
fim	11/27/2025		10:00	Green Border/Minningar snigils	8.-10.bekkur/7.-10.bekkur													
fim	11/27/2025		13:00	Hvað er kvikmynd?	6.-10.bekkur													

DESEMBER

þri	12/2/2025		10:00	Jólaævintýri dýranna	1.-4.bekkur													
þri	12/2/2025		13:00	Nellý Rapp	4.-7.bekkur													
fim	12/11/2025		10:00	Andri og Edda verða bestu vinir	1.-4.bekkur													
fim	12/11/2025		13:00	Síðasta ferðin	8.-10.bekkur													

JÓLAFRÍ

	Hentar viðkomandi aldurshópi
	Getur hentað
	Tvær myndir sýndar á sama tíma



KVIKMYNDIR

HVAÐ ER KVIKMYND? Saga kvikmyndanna í máli og myndum, kvikmyndaæsi, þróun kvikmyndataekni og tengingar við önnur listform. 6.-10. bekkur.

JÓLAÆVINTÝRI DÝRANNA – Ævintýri, teiknimynd, dýr, undirbúningur jóla, jólasveinninn, norðurslóðir, náttúrufegurð, norðurljós, kvenleikstjórar 1.-4. bekkur.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR – Að byrja í leikskóla, vinátta, samstaða, ævintýri, hjálpssemi, jákvæðni, markmiðasetning, 1.-4. bekkur.

HVAR ER ANNA FRANK– Teiknimynd, saga Önnu Frank, heimsstyrjöldin síðari, nútíminn, vandamál flóttamanna, mannkynssagan, rómantik, hugrekki, 4.-10.bekkur

VÉLMENNADRAUMAR– Ævintýri, teiknimynd, vísindaskáldsaga, New York, níundi áratugurinn, vélmenni, einmanaleiki, vinátta, aðskilnaður, sorg og gleði, 3.-7. bekkur.

NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI – Fjölskyldumynd, ævintýri, hugrekki, að vera öðurvísi, fjölskyldutengsl, skrímli af ýmsum uppruna, samskipti við óvenjulega einstaklinga, spenna, 4.-7.bekkur

FÍLAMADURINN – Bíóklassík, kynning á David Lynch, sjónarspil sem misbeiting, vinátta, sjálfsmynd, mannleg reisn, samkennd, Viktoriutímabilið, 8.-10.bekkur

ADDAMS FJÖLSKYLDUGILDIN – Gamanmynd, óvenjuleg fjölskylda, galdrar, systkinarígur, glæpakvendi, sumarþúðir, vinátta, samstaða, svartur húmor, verk Charles Addams, 8.-10.bekkur

GREEN BORDER – Ferðalag flóttafólks um Pólland og Belarús, samstaða, hugrekki, landamæravarsla, aðgerðarsinnar, spenna, 8.-10.bekkur

MINNINGAR SNIGILS – Teiknimynd, Stop motion, leirmynd, fátækt, uppbygging, þroskasaga, 7.-10.bekkur

SÍÐASTA FERÐIN – Heimildamynd, fjölskyldutengsl, minningar, ferðalag, frönsk menning, hugljúf, 8.-10.bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

